


Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Skuggasundi 3
101 Reykjavík



SENT Í TÖLVUPÓSTI Á uua@uua.is

Reykjavík, 31. mars 2017

KÆRA

Eigendur fasteignarinnar Stekkjarflatar 20, Garðabæ, Hilmar Sigurgíslason, kt. 161157-5899 og Ásgerður Atla Atladóttir, kt. 180157-2399 hafa falið undirrituðum lögmanni að kæra ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar frá 2. mars 2017 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs og Bæjargarðs í Garðabæ.

Deiliskipulagið var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 3. mars. 2017, og var auglýsingin eftirfarandi:

„Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

1. *Ásgarður, breyting deiliskipulags skóla- og íþróttasvæðis.*

Breytingin gerir ráð fyrir tilfærslu íþróttavalla og tveggja ljósamastra, stækkun lóðar íþróttasvæðis og breytingu á legu göngustígs meðfram húsum við neðanverða Stekkjarflöt. Einnig stækkar byggingarreitur íþróttamannvirkja til austurs á móts við anddyri íþróttamiðstöðvar.

2. *Bæjargarður, breyting deiliskipulags.*

Breytingin gerir ráð fyrir íþróttavelli og sandblakvöllum í bæjargarði. Bílastæði við enda Stekkjarflatar leggjast af. Gert er ráð fyrir að húsið Garður standi áfram og við það verða bílastæði með aðkomu frá Garðfit.

Samþykkt bæjarstjórnar frá 2. mars sl. var eftirfarandi:

„Lögð fram eftirfarandi tillaga um afgreiðslu.

Á fundi bæjarráðs Garðabæjar sem haldinn var 15. nóvember 2016 var samþykkt með vísan til 3. ml. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga að senda samþykktu tillögu um breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs til Skipulagsstofnunar til meðferðar enda voru ekki gerðar neinar athugasemdir við tillöguna í athugasemdafresti samkvæmt auglýsingu.

Með bréfi Skipulagsstofnunar, dags. 20 janúar 2017 eru gerðar athugasemdir við tillöguna og er bréf stofnunarinnar tekið til umræðu samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Í tilefni af athugasemdum Skipulagsstofnunar hefur verið lagður fram nýr uppdráttur vegna tillögunnar. Á uppdrættinum er yfirlit yfir breytingar þar sem nánari grein er gerð fyrir eftirfarandi atriðum.

Gildistöku upphafslegs deiliskipulags fyrir svæðið og síðari breytingum.

Skilmálum fyrir byggingarreit sem er stækkaður.

Færslu lóðarmarka.

Fjölgun bílastæða.

Niðurrifi byggingar.

Lýsingum vallarstæðis, færslu á möstrum og skilmálum vegna lýsingar.

Færslu og breytingu á legu göngustígs.

Bæjarstjórn telur að með uppdrættinum hafi öll atriði sem gáfu tilefni til athugasemda í ofangreindu bréfi Skipulagsstofnunar verið upplýst og leiðrétt.

Bæjarstjórn samþykkir að auglýsa í B-deild Stjórnartíðinda breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs á grundvelli ofangreinds uppdráttar, sbr. niðurlag 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga.

Niðurstaða bæjarstjórnar skal sbr. niðurlag 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga og í auglýsingu skal vekja athygli á málskotsrétti samkvæmt 52. gr. skipulagslaga, sbr. lög um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála nr. 130/2011.

Bæjarstjórn samþykkir með tíu atkvæðum tillögu um afgreiðslu málsins. María Grétarsdóttir, situr hjá.“

Kröfugerð:

Kærendur krefjast þess aðallega að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi í heild sinni en til að vara að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi að því marki sem hún brýtur gegn hagsmunum og réttindum kæranda.

Kæruheimild er í 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Málavextir:

Kærendur benda á að margvíslegar framkvæmdir, mismunandi að umfangi, hafi átt sér stað á reitnum á undanförunum árum, m.a. árið 2004 er fjórum 20 m háum ljósamöstrum var komið fyrir við aðalvöll, aftur árið 2008 er reiturinn var stækkaður vegna fimleikahúss og aðkomu að félagsheimili íþróttafélagsins Stjörnunnar og loks árið 2012. Eiga framkvæmdirnar allar það sameiginlegt að lítið sem ekkert samráð hefur verið haft við íbúa í nágrenni við reitinn og ekkert tillit tekið til athugasemda þeirra eða ábendinga við ákvörðunartöku.

Árið 2012 var síðast gerð breyting á deiliskipulagi Ásgarðs. Gerði deiliskipulagstillagan ráð fyrir þremur nýjum möstrum fyrir ljóskastara fyrir æfingavöll. Hæð þeirra yrði sú sama og kastara við aðalvöll en var lækkuð í 18,5 metra í skipulagsferlinu. Þá hefði æfingarvöllur verið stækkaður með gervigrasi og færður nær íbúðabyggð við Stekkjarflöt. Skipulagsyfirvöld töldu um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða og var tillögunni því vísað til grenndarkynningar.

Kærendur gerðu margvíslegar athugasemdir við tillögu að deiliskipulagsbreytingu, með bréfi þar að lútandi, dags. 20. febrúar 2012, sbr. meðfylgjandi afrit. Lutu athugasemdirnar að styrk flóðlýsingar og ljósmagni, nálægð æfingarsvæðis við lóðamörk, hávaða- og ljósmengun og aukna umferð um Stekkjarflöt. Viðbrögð skipulagsyfirvalda við athugasemdum voru þau að fundað var með kærendum og þeim lofað að eftirlit yrði haft með jafnt lýsingu sem annarri truflun frá íþróttasvæði. Samþykkt var að lækka ljósamöstur næst húsum úr 22 m í 18,5 m, að þau yrðu færð nær velli og fjær íbúðahúsum, að lýsing yrði skermuð og loks að gerð mastranna drægi úr líkum á hvinhljóði. Frá þeim tíma er breytingarnar öðluðust gildi hafa aðstæður kæranda breyst til hins verra. Þannig stafar mikill hávaði frá æfingarsvæðinu, sérstaklega er kappleikir standa yfir og um helgar er mót eru haldin. Að sama skapi er gífurleg ljósmengun frá flóðlýsingu á keppnisvelli, en kveikt er á ljósunum langt fram eftir kveldi alveg óháð því hvort æfingarvöllurinn er í notkun. Þá hefur umferð um Stekkjarflötina aukist verulega enda neðsti hluti götunnar notaður sem bílastæði á leikdögum.

Skipulagsyfirvöld í Garðabæ hafa enn á ný ákveðið að gera breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs með tilheyrandi ónæði og skerðingu lífsgæða fyrir jafnt kærundur sem aðra íbúa í nágrenni svæðisins. Samkvæmt fundargerð af fundi skipulagsnefndar Garðabæjar 30. júní 2016 mun tillagan hafa verið í forkynningu dagana 26. maí til 14. júní 2016. Kynningarfundur hafi verið haldinn í Flatar skóla 31. maí sama ár sem hafi verið vel sóttur. Þá kemur fram að þrjú erindi hafi borist og að þeim hafi verið vísað til skoðunar hjá deiliskipulagshöfundi. Loks segir að skipulagsnefnd vísi tillögunni til kynningar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samkvæmt upplýsingum úr fundargerð af fundi skipulagsnefndar 10. nóvember 2016 var tillagan í auglýsingu frá 7. september til 19. október 2016. Hafi engar athugasemdir borist um hana. Orðrétt segir síðan.

„Tillagan skoðast því samþykkt í bæjarstjórn 19. maí 2016 sem deiliskipulagsbreyting í samræmi við 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2016.“

Á fundi skipulagsnefndar 16. febrúar 2017 var tillagan tekin fyrir og eftirfarandi bókað.

„Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar vegna tillögu að breytingu deiliskipulags Ásgarðs. Athugasemdir voru gerðar við framsetningu tillögunnar og hafa þær nú verið leiðréttar. Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundum tækni og umhverfisviðs, formanns skipulagsnefndar og bæjarstjóra með íbúum við Stekkjarflöt en í ljós hefur komið að kynning tillögunnar fór fram hjá íbúum. Leitað hefur verið leiða til þess að draga úr áhrifum ljóskastara og færslu göngustígs á aðliggjandi byggð.“

Á fundi bæjarstjórnar 2. mars sl. var ákveðið að senda tillöguna sem samþykkt deiliskipulag til auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Málsrök kæranda:

Kærundur telja hina kærðu ákvörðun haldna slíkum annmörkum, jafnt að formi sem efni, að óhjákvæmilegt sé að ógilda hana. Skal það nú rökstutt nánar.

A. Málsmeðferðarreglur brotnar.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga skal haft samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila í skipulagsferlinu. Skal tillagan auglýst með áberandi hætti og kynnt á almennum fundi eða annan fullnægjandi hátt. Tilgangur ákvæðisins er sá að tryggja að athugasemdir komist sem fyrst á framfæri við gerð deiliskipulags.

Í gr. 5.2.1 skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 er samráðsferlið nánar útlistað. Segir þar að við gerð deiliskipulags skuli eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, umsagnaraðila og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það skuli gert með virkri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila gegnum allt skipulagsferlið. Kærundur benda á að ekkert samráð hafi verið haft við þau í skipulagsferlinu líkt og lög og reglur gera ráð fyrir. Þau hafi fyrst fregnað um hinar fyrirhugðu breytingar stuttu áður en deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn. Raunar er það svo að skipulagsstjóri setti sig sjálfur í samband við þau vegna málsins og leitaði viðbragða þeirra við breytingunni. Kom það honum á óvart að kærundur skyldu ekki hafa skilað athugasemdum við breytinguna líkt og þau gerðu árið 2012 er skipulaginu var breytt. Er skipulagsyfirvöld áttuðu sig á því að tillagan hefði farið framhjá íbúum Stekkjarflatar var brugðist við með því að boða íbúana á tvo fundi þar sem tillagan og forsendur hennar voru kynntar. Þær fjölmörgu athugasemdir sem kærundur og raunar aðrir íbúar Stekkjarflatar gerðu við tillöguna var svarað munnlega á fundunum án þess að frekari afstaða væri tekin til þeirra. Af afgreiðslu skipulagsyfirvalda leiðir að tillaga um breytingu á deiliskipulagi Ásgarðs og raunar einnig Bæjargarðs var unnin og samþykkt án þess að efnisleg afstaða væri tekin til athugasemda kæranda og annarra íbúa við Stekkjarflöt. Stoðar ekki fyrir bæjaryfirvöld að vísa

til þeirra tveggja funda sem haldnir voru með íbúum þegar einungis átti eftir að samþykkja tillöguna, og telja að þar með hafi samráðsskyldan verið uppfyllt. Vitanlega bar að vinna tillöguna áfram með hliðsjón af athugasemdum kæranda og annarra íbúa. Þá hefðu skipulagsyfirvöld einnig þurft að taka afstöðu til þeirra fjölmörgu atriða sem karendur gerðu við deiliskipulagbreytinguna árið 2012 og hafa svo sem vitað var öll gengið eftir. Eftir stendur að bæjarstjórn tók hina íþyngjandi ákvörðun án þess að fullnægjandi upplýsingar lægju fyrir um eftirfarandi þætti:

- Stækka á og færa æfingavöll og gera hann að keppnisvelli. Lýsing á keppnisvelli er mun meiri en á æfingarvelli.
- Samkvæmt tillögu er keppnisvöllur færður nær lóðamörkum húsa við Stekkjarflöt. Við það færast ljósamöstur einnig nær.
- Ljós magn eykst þar sem meiri lýsingu þarf á keppnisvöll sem er stærri en æfingarvöllur.
- Hvinhljóð, ljósmengun og rafmagnshljóð munu aukast verulega frá möstrum og ljósabúnaði þegar þau færast nær lóðamörkum við Stekkjarflöt.
- Hávaði og ónæði sem er í dag frá æfingarvelli mun aukast verulega með tilkomu fleiri áhorfenda á kappleiki.
- Umferð um Stekkjarflöt eykst samhliða tilkomu nýs keppnisvallar.
- Göngu- og hjólastígur færist nær lóðamörkum. Gert ráð fyrir að hann verði upplýstur og færist sú lýsing nær lóðamörkum við Stekkjarflöt.
- Ónæði frá stígum sem er fjölfarinn eykst verulega ef hann verður færður nær lóðamörkum.

Til viðbótar er á því byggt að þegar skipulagsyfirvöld urðu þess áskynja að kynning tillögunnar hafði farið framhjá íbúum Stekkjarflatar, hafi þeim í samræmi við tilhlýðilega stjórnsýsluhætti borið að auglýsa tillöguna á nýjan leik með nýjum athugasemdafresti. Einungis með því móti hefði samráðsskyldu verið fullnægt. Þeirri aðgerð, að halda tvo fundi með íbúum þegar skipulagsferlinu er í raun lokið, og færa til bókar að leitað hafi verið leiða til að draga úr áhrifum ljóskastara og færslu göngustígs á aðliggjandi byggð, verður að sjálfsögðu aldrei jafnað við þá lögbodnu samráðsskyldu sem stjórnvöldum er skylt að framfylgja við gerð deiliskipulags og ætlað er að tryggja hagsmuni þeirra aðila sem það tekur til.

Samkvæmt framansögðu var málsmeðferð deiliskipulagsins í ósamræmi við skipulagslög. Ber því að ógilda hina kærðu ákvörðun.

B. Hin kærða ákvörðun brýtur gegn lögvörðum hagsmunum kæranda.

Af hálfu kæranda er á því byggt að hin kærða ákvörðun stríði gegn því meginmarkmiði skipulagslaga að tryggja réttaröryggi skipulagsmála, sbr. c-liður 1. mgr. skipulagslaga, þannig að réttur þeirra hafi verið fyrir borð borinn þar sem hagr þess aðila sem hyggst ráðast í stórtækar breytingar á Ásgarðsreitnum hafi verið hafður að leiðarljósi og hagsmunir kæranda að engu hafðir. Engar heimildir standi til að bæjarstjórn standi með þessum hætti að því að skerða eignarréttindi kæranda.

Karendur benda á að sú breytingu sem gerð var á deiliskipulagi Ásgarðs árið 2012 hafi haft gríðarleg áhrif á jafnt búsetuskilyrði sem og lífsgæði almennt. Hún lýsti sér í því að þremur ljósamöstrum, hvert 18,5 metrar á hæð hverju um sig var komið fyrir við æfingavöll, í rúmlega tuttugu metra fjarlægð frá lóðamörkum fasteignar þeirra að Stekkjarflöt 20. Ólíkt afgreiðslu skipulagsyfirvalda nú var tillaga um breytingu deiliskipulagsins vel kynnt. Tók bæjarverkfræðingur hús á íbúum Stekkjarflatar og fór sérstaklega yfir forsendur tillögunnar auk þess sem hann leiðbeindi þeim sérstaklega um samráðsferlið. Viðbrögð kæranda við fyrirætlan skipulagsyfirvalda koma fram í athugasemdashéfi, dags. 20. febrúar 2012, en þar lýsa þeir yfir

áhyggjum sínum með framtíðarskipan mála á svæðinu. Í bréfinu höfnuðu þau tillögu um að staðsett yrðu þrjú ný ljósmöstur við æfingarvöll þar af eitt fyrir miðja á langhlið vallarins sem snéri að íbúðabyggð. Töldu þau að flóðlýsing og afleiðingar hennar, þ.e.a.s. skær lýsing inn í garð og íbúðarhús, myndu rýra lífsgæði þeirra. Áhyggjur kærenda um skert lífsgæði grundvallaðist alfarið á nálægð mastursins á langhlið við íbúðabyggð auk fyrri reynslu af flóðlýsingu tveggja mastra við sjálfan keppnisvöllinn sem hefur frá upphafi valdið mikilli ljósmengun. Við breytinguna jókst ljósmagnið um 60% á íþróttasvæðinu auk þess sem lýsingin var færð nær íbúðabyggð. Þá gerði flóðlýsingin það kleift að unnt var að stunda æfingar á vellinum langt fram eftir kvöldi. Það var því ríkt tilefni til að mótmæla tillögunni. Að auki sáu kærendur það fyrir að hávaði sem var nógur fyrir, myndi aukast til muna við aukna starfsemi á svæðinu. Loks töldu kærendur að umferð við Stekkjarflöt myndi færast verulega í vöxt við breytinguna. Byggðist sú skoðun á fyrri reynslu en neðsti hluti götunnar hafði þá þegar verið notaður sem bílastæði af þeim sem sóttu völinn á kappleikjum.

Lögd er áhersla á að öll þau atriði sem fram komu í athugasemdabréfi kærenda árið 2012 hafa gengið eftir með tilheyrandi ónæði. Eitt atriði sker sig úr í því sambandi, en það er ljósmengun sem stafar frá ljósamöstrunum, sérstaklega því sem lýsir beint inn í garð og íbúðarhús kærenda. Eftir að mastrið var reist, vel að merkja í óþökk kærenda, hétu bæjaryfirvöld því að strangt eftirlit yrði haft með stýringu lýsingarinnar með það að leiðarljósi að hún myndi valda sem minnsta ónæði og truflun fyrir þá. Því miður er raunveruleikinn sá að nánast ekkert eftirlit er haft með lýsingunni og ljósin jafnvel látin vera í gangi tímunum saman og það þrátt fyrir að æfingavöllurinn sé ekki í notkun. Mætti stytta til muna þann tíma sem flóðlýsingin er höfð á með tilheyrandi orkusparnaði. Að því leyti hafa bæjaryfirvöld gengið á bak orða sinna. Sökum ljósmengunar eru kærendur sviptir þeim gæðum hluta árs að njóta kyrrðar og næði í garðinum sínum.

Sú deiliskipulagsbreyting sem nú hefur öðlast gildi gerir m.a. ráð fyrir tilfærslu íþróttavalla og tveggja ljósamastra, stækkun lóðar íþróttasvæðis og breytingu á legu göngustígs meðfram húsum við neðanverða Stekkjarflöt. Í raun segir þetta ekki margt og raunar alls ekkert um raunveruleg áhrif breytinganna á nálæga íbúðabyggð. Það sem raunverulega felst í breytingunum fyrir íbúa svæðisins er að æfingarvöllur sem breyta á í keppnisvöll færist átta metra nær lóðamörkum Stekkjarflatar. Við breytinguna í keppnisvöll þarf meiri lýsingu á völlum, þar sem hann er stækkaður. Ljósamöstur fyrir vallarlýsingu koma nær lóðamörkum við Stekkjarflöt. Hvinhljóð, ljósmengun og rafmangshljóð frá ljósabúnaði munu aukast verulega við að færa og breyta svæðinu í keppnisvöll. Umferð fólks um svæðið mun aukast til muna með fjölgun kappleikja á nýjum keppnisvelli. Umferð bíla um Stekkjarflöt sem er nóg fyrir, mun aukast verulega með tilkomu nýs keppnisvallar. Þá verður göngu- og hjólastigur færður nær lóðamörkum við Stekkjarflöt með tilheyrandi ónæði enda fjölfarinn. Gert er ráð fyrir að stigurinn verði upplýstur og færist sú lýsing sem er kveikt á þegar myrkrar, nær lóðamörkum við Stekkjarflöt.

Niðurstaðan er sú, að ástand sem var slæmt fyrir á svæðinu, verður enn verra nái breytingarnar fram að ganga. Skiptir mestu máli í því sambandi hvinhljóð, ljósmengun og rafmagnshljóð frá möstrum og ljósabúnaði þegar búið er að færa ljósamöstrin í einungis 12 metra fjarlægð frá lóðamörkum. Geta kærendur aldrei sætt sig við þá nálægð með tilheyrandi ónæði. Telja kærendur að jafna megi aðstæðum þeirra við aðstæður í hæstaréttarmáli nr. 424/2012, en í því staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um að fasteignareigendum yrði gert, að viðlögðum dagsektum, að fjarlægja tvö grenitré sem stóðu á lóðarmörkum enda stærð þeirra, 18 metrar, umfang og staðsetning til verulegra óþæginda fyrir nágranna þeirra og „...*langt umfram það sem hún þarf að þola samkvæmt ólögfestum reglum um nábylisrétt*“ eins og orðrétt segir í forsendum héraðsdóms.

Nákvæmlega sömu sjónarmið eiga við í mál því sem hér um ræðir. Staðsetning ljósamastranna og notkun þeirra er kærendum án nokkurs vafa óhóflegur bagi. Telja kærendur að þetta atriði eigi eitt og sér að leiða til ógildingar ákvörðunar.

Svo sem fyrr greinir gerði Skipulagsstofnun margvíslegar athugasemdir við deiliskipulagsbreytinguna. Þær voru eftirfarandi:

- Óljóst er hvaða deiliskipulagsskilmálar eru í gildi sem verið er að gera breytingar á.
- Skilmála vantar fyrir byggingarreit íþróttamannvirkis.
- Skilmálar fyrir ljósamöstur eru misvísandi í gögnum (ekki kemur fram hvaða skilmálar eru í gildi en skv. greinargerð er gert ráð fyrir 4 nýjum sem verða þá 8 á svæðinu, en 7 möstur eru sýnd á uppdrætti bæði fyrir og eftir breytingu.
- Skilmála vantar fyrir ljóskastara á möstrunum, um skermun og takmarkanir sem við geta átt (s.s. á hvaða tímum sólarhrings notkun er heimil).
- Það vantar að gera grein fyrir umhverfisþáttum breyttrar staðsetningar, hækkunar og fjölgunar ljósamastra á umhverfið (þ. á m. á íbúa við Stekkjarflöt).
- Jafnframt vantar að gera grein fyrir húsum þeim sem virðast eiga að víkja, þ.e. á nýjum bílastæðum vestan íþróttamiðstöðvar og á lóð Flatarskóla.

Orðrétt segir í niðurlagi bréfsins.

„Minnt er á, að sveitarstjórn skal taka athugasemdir Skipulagsstofnunar til umræðu skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga, en að mati stofnunarinnar þarf að auglýsa breytingartillögu að nýju vegna ofangreindra efnisgalla“ [Leturbr. lögmanns]

Í tilefni af athugasemdum Skipulagsstofnunar lét skipulagsyfirvöld gera nýja uppdrátt. Taldi bæjarstjórn að með honum hefðu öll þau atriði sem gáfu tilefni til athugasemdanna verið upplýst og leiðrétt. Hins vegar hunsaði bæjarstjórn tilmæli Skipulagsstofnunar um að auglýsa breytingartillöguna að nýju.

Eftir stendur að deiliskiplagið stríðir gegn venjuhelguðum grenndar- og nábylisreglum íslensk réttar og að öðru leyti gegn einka- og fjölskyldulífi kæranda. Þá mun deiliskiplagið koma til með að rýra verulega verðgildi eigna á svæðinu. Áskilja kærendur sér allan rétt í því sambandi.

Með vísan til alls framanritaðs er þess krafist að Úrskurðarnefnd um umhverfis og auðlindamál ógildi ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar frá 2. mars 2017 um að samþykkja breytingu á deiliskipulags Ásgarðs sem öðlaðist gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda 3. mars 2017.

F.h. kæranda, e.u.



Anton B. Markússon hrl.

Hjálagt fylgir afrit af:

- Deiliskiplagi Ásgarðs fyrir og eftir breytingu.
- Deiliskiplag Ásgarðs að teknu tilliti til athugasemda Skipulagsstofnunar
- Athugasemdabréf kæranda, dags. 20. febrúar 2012.
- Athugasemdabréf Skipulagsstofnunar, dags. 20. janúar 2017.
- Samþykkt bæjarstjórnar, dags. 2. mars. 2017.
- Auglýsing nr. 174/2017 í B-deild Stjórnartíðinda.